

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. október 2024

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um verndarmörk vegna friðlýsingar Grafarvogs

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir tillögu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um mörk þess verndarsvæðis sem fyrirhugað er að friðlýsa í Grafarvogi. Samkvæmt tillögu ráðuneytisins er lagt til að verndarsvæðið fylgi göngustíg í norðanverðum Grafarvogi en teygi sig jafnframt inn í skógræktarsvæðið við Funaborg. Þaðan fylgi mörkin göngustíg í átt að Stórhöfða en síðan lóðamörkum meðfram götunni til og með Stórhöfða 45. Þaðan með Stórhöfða að Grafarlæk, síðan meðfram læknum (50-100 metra), og síðan með göngustíg.